

REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð fyrir Rafveitu Akureyrar nr. 458/1979.

1. gr.

1. mgr. 3. gr. orðist svo: Stjórn veitustofnana hefur með höndum stjórn Rafveitu Akureyrar.

Í stað orðanna „rafveitustjórnar“ í 2. og 3. mgr. 3. gr. komi: stjórn veitustofnana.

2. gr.

Fyrirsögn 4. gr. verði:

Verksvið stjórnar veitustofnana.

Í stað orðsins „rafveitustjórnar“ í 1. mgr. 4. gr. komi: stjórn veitustofnana.

Í stað orðsins „rafveitustjórnar“ í 2. mgr. 4. gr. komi: stjórn veitustofnana.

3. gr.

Í stað orðsins „Rafveitustjórn“ í 2. mgr. 8. gr. komi: Stjórn veitustofnana.

4. gr.

Í stað orðsins „rafveitustjórnar“ í 4. mgr. 17. gr. komi: stjórnar veitustofnana.

5. gr.

Í stað orðsins „rafveitustjórnar“ í 19. gr. komi: stjórnar veitustofnana.

Reglugerð þessi, sem samin er og samþykkt af bæjarstjórn Akureyrar, er hér með staðfest skv. vatnalögum nr. 15 20. júní 1923 og orkulögum nr. 58 29. apríl 1967, til að öðlast gildi þegar í stað.

Iðnaðarráðuneytið, 17. febrúar 1986.

Albert Guðmundsson.

Páll Flygenring.

REGLUGERÐ

um breytingar á fjallskilareglugerð fyrir Vestur-Húnavatnssýslu nr. 392/1975, sbr. breytingu með reglugerð nr. 329/1976.

1. gr.

6. gr. orðist svo:

Rétt til upprekstrar á afrétt eiga allir búfjáreigendur, sem landsnyttjar hafa í viðkomandi upprekstrarfélagi. Hreppsnefnd getur gert samþykkt um notkun afréttar viðkomandi hrepps, enda komi hún ekki í bága við lög og reglugerðir um afréttarmál.

Frjálst er að hafa fénað í heimalöndum, enda sé þess gætt, að hann valdi ekki ágangi á landi annarra jarða og til komi leyfi hreppsnefndar.

2. gr.

7. gr. orðist svo:

Upprekstur til afréttar hrepps eða upprekstrarfélags fari eigi fyrr fram á vorin en hreppsnefnd heimilar og með þeim takmörkunum, sem hún ákveður og lög leyfa. Heimild til upprekstrar skal hreppsnefnd veita að fengnu álitni gróðurverndarnefndar.

Rekstri til afréttar skal haga þannig, að sem minnstur bagi verði að í heimalöndum og þess gætt að skepnur verði ekki fyrir ónæði eða óþarfri styggð. Komi fénaður saman við rekstur, skal hann skilinn úr svo fljótt sem unnt er. Gildir það jafnt um rekstur til og frá afrétti.

3. gr.

10. gr. orðist svo:

Eigi má ónáða fé í afréttum að þarflausu og ekki taka þaðan búpening nema leyfi hreppsnefndar komi til.

Heimilt er hreppsnefnd að gera ráðstafanir til að hindra ótímabæran rekstur á fénaði til afréttar.

Hreppsnefnd skal fylgjast með gróðurfari á afréttum og njóti hún til þess liðsinnis gróðurverndarnefndar sýslunnar. Þá ber hreppsnefnd að fylgjast með, hvort fénaður safnast svo að afréttargirðingum, að hætta sé á að tjón verði á landi eða því liggi við örtröð. Beri það til, skal bót á ráða með rekstri inn á afréttinn, nema mjög sé á sumar liðið, þá með smölun til réttar. Skal þá farið með, eftir atvikum, sem göngur væru.

4. gr.

11. gr. orðist svo:

Hreppsnefnd skal áður en 16 vikur eru af sumri semja skrá yfir tölu sauðfjár og hrossa í hreppnum. Skrá þessi skal samin eftir síðustu forðagæsluskýrslu og sýna tölu sauðfjár og hrossa hjá hverjum eiganda eða lögbýli, ef framtal er sameiginlegt. Verði kaup eða sala á fjallskilaskyldu búfé eða verulegar breytingar á búfjártölu af öðrum orsökum, skulu eigendur tilkynna það hreppsnefnd áður en 14 vikur eru af sumri. Ber að taka allt slíkt til greina í skýrslunni. Heimilt er hreppsnefnd að telja búfé, sem kemur af afrétti og leggja þá tölu til grundvallar fjallskilum.

5. gr.

Í stað orðanna: „hreppstjóra“ og „hreppstjóri“ í 15. gr. komi: hreppsnefnd.

6. gr.

27. gr. orðist svo:

Hreppsnefndir skulu skipa réttarstjóra og marklýsingamenn við hverja aðalrétt og aukarétt. Skal greiða þeim fyrir starfa sinn úr fjallskilasjóði. Þeir skulu vera komnir í tæka tíð hvern réttardag. Réttarstjóri skipar fyrir um hvernig fjárdrætti skal haga og heldur mönnum til starfa. Hann bannar og óreglu, er veldur hindrun við réttarstörfin.

Marklýsingamenn skulu lýsa vafamörkum, skoða og lýsa mörkum á óskilapeningi.

7. gr.

35. gr. orðist svo:

Hver búandi eða landráðandi er skyldur að hreinsa heimaland sitt á haustin, eftir því sem hreppsnefnd mælir fyrir, og gilda þar um ákvæði 4. gr. eftir því sem við getur átt. Hreppsnefnd skal skipa fyrir um minnst tvær smalanir haust hvert. Seinni smölun heimalanda skal eigi fara fram síðar á haustin en í fyrstu viku vetrar, nema sérstakar ástæður hamli. Skilarétt skal halda haust hvert, á þeim stað og tíma sem hreppsnefnd ákveður.

8. gr.

Niður falli úr reglugerðinni 49. og 50. gr. og töluröð greina 51. til 54. breytist í samræmi við þá breytingu, þannig að 51. gr. verður 49. gr., 52. gr. verður 50. gr. o. s. frv.

9. gr.

Niður falli úr 51. gr. sem verður 49. gr. orðin: „í ábúð“.

10. gr.

52. gr. sem verður 50. gr. breytist og orðist svo:
Brot gegn reglugerð þessari varða sektum.

11. gr.

Reglugerð þessi staðfestist hér með samkvæmt heimild í lögum um afréttarmálefni, fjallskil o. fl. nr. 42/1969, sbr. lög nr. 43/1976, lög nr. 10/1983 og lög nr. 33/1985 til þess að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Landbúnaðarráðuneytið, 10. febrúar 1986.

Jón Helgason.

Jón Höskuldsson.

REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð nr. 278 1. júlí 1979 fyrir Fiskveiðasjóð Íslands um lánaflokk, sbr. reglugerð nr. 451/1979, reglugerð nr. 331/1980, reglugerð nr. 617/1980, reglugerð nr. 232/1981, reglugerð nr. 628/1981 og reglugerð nr. 213/1985.

1. gr.

1. gr. reglugerðarinnar orðist svo:

Lán vegna nýsmíði, innflutnings og endurbóta á fiskiskipum skulu við það miðuð, að afkastageta fiskiskipastólsins aukist ekki.

Skilyrði fyrir lánveitingu til nýsmíði fiskiskipa innanlands eða erlendis svo og til kaupa á fiskiskipi erlendis frá er að skip sem umsækjandi á af sömu eða svipaðri stærð og afkastagetu verði eða hafi verið strikað endanlega út af skipaskrá. Það skip verður umsækjandi að hafa átt og rekið í a. m. k. 1 ár áður en umsókn berst. Sé skip keypt erlendis frá skal aldur þess ekki vera yfir 4 ár.

Umsókn um nýsmíði eða kaup á tilteknu fiskiskipi ásamt fullnægjandi gögnum verður að hafa borist innan 12 mánaða frá því að sambærilegt skip hvarf af skipaskrá. Lánveiting er óheimil vegna skipa sem hurfu af skipaskrá fyrir 1. janúar 1985.

Umsækjandi skal gera fullnægjandi grein fyrir fjármögnun framkvæmda umfram það sem felst í láni Fiskveiðasjóðs.

Þegar um er að ræða nýsmíði fiskiskips eða kaup á skipi erlendis frá þarf umsækjandi að geta fært sönnur á hvað fæst fyrir það skip sem hverfur af skipaskrá svo og að andvirði þess gangi til kaupanna. Það sem þá kann að vanta á að fjármögnun sé tryggð verður umsækjandi að hafa lagt inn á bundinn bankareikning eða lagt fram bankaábyrgð fyrir áður en umsókn er afgreidd.

Umsækjandi skal leggja fram rekstrar- og efnahagsreikninga fyrirtækis síns fyrir